

birtingu dóms þessa, og skal honum yfirleitt fullnægt að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 29. apríl 1918.

Nr. 76/1917.

Sigríður Þorláksdóttir

gegn

bæjarstjórn Reykjavíkur.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Sigríður Þorláksdóttir fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, dags. 15. sept. 1916, gegn bæjarstjórn Reykjavíkur til greiðslu á andvirði fyrir 2,65 dagsláttur af landi erfðafestueignarinnar Rauðarár við Reykjavík, og var því ráðið til lykta með dómi bæjarþingsins 19. júlí 1917, á þá leið, að bæjarstjórnin skyldi sýkn af kær-um og kröfum stefnandans, Sigríðar Þorláksdóttur, en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdóms með stefnu dags. 8. sept. 1917, og krafðist þess að dómnum verði breytt *ad allega* þannig, að bæjarstjórn Reykjavíkur verði dæmd til að greiða henni andvirði nefndra 2,65 dagsláttna á 2400 kr. eða 6360 kr., að frádregnum 20% eða 1272 kr., þ. e. kr. 5088.00, eða *til vara* þannig, að bæjarstjórnin verði dæmd til að greiða henni andvirði 1.38 dagsláttu á 2400 kr. að frádregnum 20% þ.e. 2649 kr. 60 a., að viðbættum 6% vöxt-

um frá sáttakærudegi 27. apríl 1915 til greiðsludags, hvor krafan sem tekin verði til greina, og málskostnað eftir mati réttarins.

Tildrög málsins eru þau, að sumarið 1914 barst áfrýjanda, sem erfðafestueigandi eignarinnar Rauðarár, en hún er erfðafestuland úr landi Reykjavíkurkaupstaðar, tilboð um kaup á 10 dagsláttna spildu úr einum hluta Rauðarár, þeim sem er austur af aðaltúninu, fyrir 2400 kr. hverja dagsláttu. Skrifaði því áfrýjandi bæjarstjórn Reykjavíkur og fór fram á að mega selja spildu þessa til afnota undir stakkstæði og bauð bæjarstjórninni f. h. kaupstaðarins forkaupsrétt að spildunni. Við mælingu þá á þessum hluta Rauðarár, sem fram fór í tilefni af bréfi áfrýjanda, kom í ljós að hann er 2,65 dagsl. stærri en upphaflega var til ætlast og afgjaldið hefir verið miðað við. Hélt þá bæjarstjórnin því fram, að Reykjavíkurbær væri réttur eigandi þessara 2,65 dagsláttna, og væru þær sá hluti landsins, sem næstur er sjónum, og áskildi sér því þann hluta kaupverðsins, sem fyrir þær kæmi. Áfrýjandi hélt því hins vegar fram, að þessar 2,65 dagsl. væru sín erfðafestueign sem annað Rauðarárland, þar sem hún hefði að minsta kosti unnið hefð á þeim. En ef svo yrði ekki talið, þá hélt hún því fram til vara, að þessar 2,65 dagsláttur væru ekki allar meðfram sjónum, heldur austast í viðbótarlandinu, skák eftir því endilöngu frá norðri til suðurs, þannig að af þeim væru einungis 1,27 dagsl. innan takmarka þess lands, sem talað væri um að selja. Þar sem aðilar gátu ekki orðið á eitt sáttir um þetta, varð það að samkomulagi, að áfrýjandinn

greiddi bæjarstjórninni andvirði hinnar umpráttuðu spilldu til bráðabirgða, en áskyldi sér að leyta úrskurðar dómstólanna um ágreininginn.

Land það er hér ræðir um, var í fyrstu veitt á erfðafestu þáverandi erfðafestueiganda Rauðarár, Schierbeck landlækni. Með bréfi 4. júní 1888 hafði hann farið fram á, að fá til ræktunar landsspildu austur af túninu jafnstóra því. Tilkynti bæjarfógeti Schierbeck, að bæjarstjórn hefði veitt honum þetta, með bréfi 19. júní 1888. Hinn 19. júní 1889 var svo Rauðarártúnið mælt og mældist  $13\frac{1}{2}$  dagsláttar; jafnframt var mæld  $13\frac{1}{2}$  dagsl. spilda austur af túninu niður að hæð eða hól, sem þar er fyrir austan og nefndur er Goshóll. Spildan fyrir neðan Goshól mældist 3 dagsláttur. Með bréfi, dags. 6. júlí s. á., tilkynti bæjarfógeti Schierbeck, að spilda sú, sem veitt var á erfðafestu 1888, hefði verið mæld, og jafnframt að honum væri samkvæmt ósk hans, einnig látið eftir »stykkið fyrir neðan svonefndan Goshól, 3 dagsláttur, þannig að hin afsalaða landspilda öll verður  $16\frac{1}{2}$  dagsláttar að flatarmáli». Við mælingu þá, sem fram fór 1914 og áður er getið, reyndist spildan austur af Rauðarártúninu niður að svonefndum Goshól um  $13\frac{1}{2}$  dagsláttar, en spildan fyrir neðan Goshól alla leið til sjávar mældist 5,65 dagsláttur, og byggir bæjarstjórn Reykjavíkur á þessa kröfu sína um, að hin umpráttada landspilda verði talin þær 2,65 dagsl. sem næst liggja sjó.

Þar sem nú annar þeirra manna, sem mældi Schierbeck landlækni út viðbótarlandið við Rauðará 1889 hefir borið og staðfest fyrir rétti, að við mæl-

inguna hafi verið skilin eftir ræma fram með sjónum og norðurtakmörk hins nýja lands dregin á að gizka rúmum fadmi fyrir ofan (sunnan) alfaravegin, sem þá var inn í laugarnar, en hinn mælingamaðurinn treystir sér ekki til að muna neitt um þetta til né frá, og þar sem enn fremur þarna lá fram með sjónum almannavegur úr Reykjavík inn í laugarnar, sem hefði orðið á valdi Schierbecks, ef honum hefði verið mælt út landið undir veginum, og þar sem loks þetta land undir veginum og fyrir neðan hann er, samkvæmt upplýsingum málsins, sumpart malarkambur óræktarlegur, sumpart klappir og grjóturð illræktanleg, þá verður dómurinn að vísu að telja það vafasamt, að það hafi í fyrstu verið mælt Schierbeck út sem erfðafestuland, með því að orðatiltækið »til sjávar« í útmælingargjörðinni má skilja, sem »í áttina til sjávar«, og varhugavert virðist að skoða girðingar þær, sem Schierbeck lét gera um landið sem sýnilegt tákn þess, að hann eignaði sér land þetta, þar sem þessi girðingaraðferð var honum ódýrust, en landið fyrir neðan veginn verðlaust eftir því sem þá var álitid, nema til umferðar, enda hafði hann sett hlið með staur í á grjótgarðinum þar sem alfaravegurinn lá.

En þótt girðing þessi upprunalega hafi ekki verið sýnilegt tákn þess, að Schierbeck teldi spilduna erfðafestueign sína, þá er þó öðru máli að gegna um hinn síðari eiganda erfðafestueignarinnar, Vilhj. Bjarnarson, sem keypti eignina af Schierbeck árið 1893. Það er eðlilegt að hann líti svo á, að girðingar þessar, sem náðu beggja megin til sjávar, afgirtu landið og

að hann með afsali Schierbecks hefði eignast allt landið innan girðinga til sjávar, enda er ekkert framkomið í málinu, er bendi til þess að bæjarstjórnin hafi fyr en nú gert tilkall til eða eignað sér landspilduna fram með sjónum. Um afnot Vilhjálms Bjarnarsonar og ekkju hans Sigríðar Þorlákssdóttur, áfrýjanda þessa máls, er það upplýst, að þau hafa notað spilduna til beitara jafnt og annað erfðafestuland sitt og að Vilhjálmur Bjarnarson leigði malar-kambinn, sem áður er nefndur, til fiskverkunar árin 1902—1914. Þótt nú sé gert ráð fyrir því, að hin umbráttada spilda hafi ekki í fyrstu verið útmæld Schierbeck eða sá hluti hennar, sem lá fyrir neðan hinn gamla Laugaveg, en um stærð þessa hluta er ekkert upplýst í málinu, verður þó að telja að Vilhjálmur Bjarnarson og eftir hann ekkja hans, hafi með 20 ára óslitinni notkun, sem fyrir segir, unnið erfðafestuhefð á deilulandinu með sömu kjörum og giltu um viðbótarlandið.

Þar sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir að öðru leyti samþykkt söluna gegn því að erfðafestueigandi greiði 20% af andvirðinu í bæjarsjóð, þá verður að fallast á aðalkröfu áfrýjanda og dæma bæjarstjórn Reykjavíkur til þess að endurgreiða áfrýjanda 5088 kr. ásamt vöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags, en gegn framkomnum mótmælum af hálfu bæjarins, verða vextir eigi gerðir hærri en 5% á ári. Málskostnaður þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarstjórn Reykjavíkur endurgreiði áfrýjanda,

ekkjufurú Sigríði Þorlákssdóttur, 5088 kr. með 5%  
 ársvöxtum frá -27. apríl 1915 til greiðsludags.  
 Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá  
 löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 6. maímánaðar 1918.

Nr. 95/1917.

Valdemar Thorarensen  
 gegn  
 Halldóri Kr. Júlíussyni.

#### D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn, Valdemar kand.  
 Thorarensen á Akureyri, að fenginni gjafsókn um setu-  
 dómarakostnað, gegn stefnda Halldóri Kr. Júlíussyni  
 sýslumanni á Borðeyri, fyrir gestarétti Strandasýslu,  
 með stefnu dags. 12. okt. 1915, út af 563 kr. 79 au.  
 skuld, er hann taldi sig eiga hjá stefnda, auk 5%  
 vaxta frá stefnudegi, út af meðferð stefnda sem setu-  
 skiftaráðanda á dánar- og þrotabúi Ólafs N. Möllers  
 kaupmanns á Blönduósi. Málinu lauk í héraði með  
 dómi 23. júlí 1917 á þá leið, að því var vísað frá  
 dómi, og málskostnaður feldur niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdóms  
 með stefnu dags. 19. nóv. f. á., og krefst hann þess  
 að dóminum verði hrundið og málinu vísað heim í  
 hérað, til dómsáleggingar að efni til, og sér dæmdur